

nr. 78 og 80), austan Túnbrekku, norðan Lundarbrekku, austan Selbrekku og vestan Fögrubrekku, yfir Álfhólsveg (hús nr. 113 og lægri að norðanverðu og hús nr. 98 og lægri að sunnanverðu tilheyri áfram Digranessókn), austan Skálaheiðar og þaðan beina stefnu í Kópavogslæk eftir línu, sem hugsast dregin samsíða Skálaheiði og þaðan eftir Kópavogslæk. Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa. Sóknargjöld 1987 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. maí 1987.

Jón Helgason.

Þorleifur Pálsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu læknishjálpar við glasafrjóvgun erlendis.

1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða skv. samningi kostnað vegna glasafrjóvgunar íslenskra kvenna erlendis með sama hætti og segir í 4. mgr. 42. greinar laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

2. gr.

Glasafrjóvgun skv. reglugerð þessari varðar þau tilvik, þar sem egg konu er unnt að tæknifrjónga með sæði manns hennar, en læknisfræðilegar ástæður hamla frjóvgun með venjulegum hætti.

3. gr.

Heimilt er sjúkratryggingadeild að greiða eftir þessum reglum kostnað, sem til hefur verið stofnað eftir 1. júní 1986 vegna slíkrar lækniþjónustu erlendis.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal gera samning við erlenda stofnun, sem að mati siglinganefndar skv. 42. gr., er fær um að veita þessa lækniþjónustu, þar til fullnægjandi aðstaða verður sköpuð til þess hér á landi.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 42. og 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.